Minkar: Karlðýr	0328	0361	5428	0394	5461	0427	0460	9528
Minkar: Kvendýr	0329	0362	5429	0395	5462	0428	0461	9529
Minkar: Hvolpar	0330	0363	5430	0396	5463	0429	0462	9530
Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri	0333	0366	5433	0399	5466	0432	0465	9533

Viðauki g)

Tegundarflokkun eigna

Tegundarflokkun eigna í hverjum fyrningarflokki, sem eru einnig stafir 3-6 í auðkennisnúmeri eignar.

Fyrningarflokkur 1 - Fólksbifreiðar

01	11	Jeppabifreiðar fyrir færri en níu menn
01	99	Fólksbifreiðar fyrir færri en níu menn, aðrar en leigubifreiðar

Fyrningarflokkur 2 - Skip og skipsbúnaður og loftför og fylgihlutir þeirra

02	01	Flugvélar og önnur loftför og fylgihlutir þeirra
02	11	Bátar undir 12 rúmlestum
02	39	Önnur skip og bátar
02	40	Eignfærðar breytingar á skipi
02	51	Siglingatæki og önnur tæki í brú
02	61	Vélar í skip og báta, stýrisbúnaður
02	71	Spil/dælur um borð í skipi
02	99	Annar skipsbúnaður

Fyrningarflokkur 3 - Verksmiðjuvélar og hvers konar iðnaðarvélar og tæki

03	11	Fiskvinnsluvélar
03	21	Matvælaíðnvélar
03	31	Prentiðnaðarvélar
03	39	Ljósmyndavélar og framköllunartæki
03	41	Vélar fyrir trésmíði
03	50	Byggingarmót
03	51	Vélar fyrir málm-smíði
03	59	Rafiðnaðar- og rafsuðuvélar
03	71	Vélar fyrir vefjaiðnað
03	77	Þvottavélar og þurrkarar
03	81	Vigtar
03	83	Dælur og pressur
03	85	Pökkunar- og átöppunarvélar
03	89	Kæli- og frystikerfi
03	99	Aðrar verksmiðjuvélar og hvers konar iðnvélar og tæki

Fyrningarflokkur 4 - Skrifstofuáhöld og -tæki

04	11	Húsbúnaður
04	15	Lausar innréttingar og húsgögn
04	31	Símkerfi og sírstöðvar
04	35	Stimpklukkur, kerfi
04	41	Afgreiðslukassar og -kerfi
04	51	Tölvur
04	53	Hugbúnaður
04	55	Tölvuprentarar
04	59	Annar tölvubúnaður
04	91	Önnur raftæki fyrir skrifstofur
04	99	Önnur skrifstofuáhöld og -tæki

Fyrningarflokkur 5 - Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, svo og annað lausafé, annað en það sem færast í fyrningarfl. 1 til 4

05	01	Leigubifreiðar
05	05	Sendibifreiðar
05	09	Rútubifreiðar
05	14	Talstöðvar, bílasímar, gjaldmælar, ökuritar
05	21	Vörubifreiðar
05	29	Kerrur, dráttar- og tengivagnar
05	31	Kranabifreiðar
05	37	Lyftarar
05	41	Jarðýtur og gröfur
05	49	Önnur tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar
05	61	Vinnupallar
05	65	Vinnuskúrar (lausir)

05	69	Gámar
05	70	Þjálfunar- og líkamsræktartæki
05	75	Lækningatæki og rannsóknartæki
05	80	Hljóðfæri
05	90	Tæki til landbúnaðar
05	97	Vélsleðar, fjórhjól, vélhjól, rafmagnshjól og vespur
05	99	Annað lausafé sem fellur ekki undir fyrningarflokka 1 til 4

Fyrningarflokkur 6 - Mannvirki

06	01	Skrifstofubyggingar
06	05	Verslunarbyggingar
06	09	Íbúðarhús
06	10	Sumarbústaðir
06	11	Fasteignir erlendis
06	13	Verksmiðjubyggingar
06	15	Verkstæðisbyggingar
06	17	Vörugeymslubyggingar
06	19	Dráttarbrautir
06	29	Bílskýli og -skúrar
06	31	Gisti- og veitingahús
06	35	Útihús á bújörðum
06	37	Ræktun á bújörðum
06	41	Loðdýrabú og girðingar þeim tengdar
06	45	Gróðurhús
06	49	Bryggjur og plön
06	51	Lýsis-, olíu- og vatnsgeymar
06	61	Borholur
06	65	Raflínur
06	71	Vinnubúðir, óvaranlegar
06	98	Varanlegar innréttingar og fast fylgifé fasteigna
06	99	Önnur mannvirki

Fyrningarflokkur 7 - Eyðanleg náttúruauðæfi

07	01	Malar- og grjótnámur
07	99	Önnur eyðanleg náttúruauðæfi

Fyrningarflokkur 8 - Keyptur eignarréttur og keypt viðskiptavild

08	11	Viðskiptavild
08	31	Einkaleyfi og vörumerki
08	51	Höfundaréttur
08	71	Útgáfuréttur
08	99	Annar keyptur eignarréttur

Fyrningarflokkur 9 - Ófyrnanlegar eignir

09	01	Lóðir og lönd
09	11	Kvóti í fiskveiðum, ótalinn annars staðar
09	12	Kvóti í fiskveiðum, þorskur
09	13	Kvóti í fiskveiðum, ýsa
09	14	Kvóti í fiskveiðum, úfsi
09	15	Kvóti í fiskveiðum, karfi
09	16	Kvóti í fiskveiðum, grálúða
09	17	Kvóti í fiskveiðum, síld
09	18	Kvóti í fiskveiðum, loðna
09	19	Kvóti í fiskveiðum, steinbítur
09	20	Kvóti í fiskveiðum, koli
09	21	Kvóti í fiskveiðum, úthafs-rækja
09	22	Kvóti í fiskveiðum, úthafskarfi
09	23	Kvóti í fiskveiðum, kolmunni
09	81	Listaverk
09	99	Aðrar ófyrnanlegar eignir

Fyrningarflokkur 10 - Niðurfæranlegar eignir

10	01	Framleiðsluréttur í landbúnaði
10	10	Stofnkostnaður
10	99	Aðrar niðurfæranlegar eignir

Viðauki h)

Tafla vegna RSK 3.02 ásamt skýringum

Skýringar á lið E í RSK 3.02, Kaup og sala eigna.
Sjá einnig mynd á næstu opnu.

Spurning nr. 1	Spurning nr. 2	Spurning nr. 3		Stopp	R 522	Lækkun	Frestun	Annað	Sk.frjáls
1.1	2.1	Ø			0				Söluh
		3.1		Ø					
		3.2		Ø					
		3.4		Ø					
	2.2	Ø			Söluh				
		3.1			0	Söluh			
		3.2			0		Söluh		
		3.4			0			Söluh	
	2.3	Ø		Ø					
		3.1		Ø					
		3.2		Ø					
		3.4		V	0			Söluh	
1.2	2.1	Ø			AxSöluh				BxSöluh
		3.1		Ø					
		3.2		Ø					
		3.4			0			AxSöluh	BxSöluh
	2.2	Ø			Söluh				
		3.1			AxSöluh	BxSöluh			
		3.2			AxSöluh		BxSöluh		
		3.4			0			Söluh	
	2.3	Ø		Ø					
		3.1		Ø					
		3.2		Ø					
		3.4		V	0			Söluh	
1.3/1.4	Ø	Ø			Söluh				
		3.1		Ø					
		3.2		Ø					
		3.3			½ söluv.				½ söluv.
		3.4			0			Söluh	

Þessi tafla er sett upp í staðinn fyrir almennar reiknireglur fyrir reiti á RSK 3.02 í kafla 4.
Sjá skýringar á næstu blaðsíðu.

Það sem dálkarnir tákna:

Spurning nr. 1: Hvort merkt er í fyrsta, annan, þriðja eða fjórða lið við spurningu 1 um tegund eignar.

Spurning nr. 2: Hvort merkt er við “skattfrjálsan söluhagnað”, “skattskyldan hagnað” eða “skattskyldan hagnað að hluta” í spurningu 2.

Spurning nr. 3: Hvort merkt er við fyrsta, annan, þriðja eða fjórða lið við spurningu 3 um ráðstöfun söluhagnaðar.

Táknin 1.1, 1.2, 1.3 og 1.4 við spurningu nr. 1 sýna hvað hvaða möguleiki hefur verið valinn og á sama hátt táknin 2.1, 2.2 og 2.3 við spurningu nr. 2.

Ø í dálknum fyrir spurningu nr. 3 táknar að ekki er merkt við neinn lið.

Ø í dálknum “stopp” táknar að sú samsetning standi ekki til boða (og dálkarnir fyrir aftan tómir).

Á tveimur stöðum er merkt **V** sem þýðir valinn liður þar sem aðrir kostir standa ekki til boða.

R522 táknar að söluhagnaður sé færður í reit 522 á framtali.

Lækkun táknar að söluhagnaði sé ráðstafað til lækkunar á stofnverði nýrrar eignar.

Frestun táknar að skattlagningu söluhagnaðar sé frestað um tvenn áramót.

Annað stendur fyrir “aðra ráðstöfun”, þ.e. að skattlagningu sé dreift þar sem andvirði hinnar seldu eignar hafi verið greitt með skuldaviðurkenningu.

Sk.frjáls er reitur sem notaður er fyrir hluta af söluhagnaði. Hann er notaður ef selt er íbúðarhúsnæði/frístundahúsnæði og heildareign seljanda hefur verið yfir stærðarmörkum á söludegi, hið selda íbúðarhúsnæði hafi verið í eigu seljanda í full tvö ár og að heildareign er undir stærðarmörkum eftir sölu. Einnig ef selt er íbúðarhúsnæði undir stærðarmörkum sem verið hefur í eigu seljanda í full tvö ár og allur söluhagnaðurinn er skattfrjáls, og þegar helmingur kaupverðs (50% reglan) er talinn fram sem söluhagnaður vegna annarra eigna.

Ef merkt er við liði 1, 3 eða 4 við spurningu 1 sýnir taflan hér að framan á einfaldan hátt hvort reikna beri söluhagnað, í hvaða reit hann fer og hvort hann er færður á framtal.

Íbúðarhúsnæði/frístundahúsnæði yfir stærðarmörkum á söludegi

Ef merkt er við lið 2 í spurningu 1, þ.e. að selt hafi verið íbúðarhúsnæði/frístundahúsnæði og heildareign seljanda hafi verið yfir stærðarmörkum á söludegi (grái hlutinn af töflunni), þarf frekari útreikning til að ákvarða hvernig farið skuli með söluhagnaðinn.

Hafi hið selda íbúðarhúsnæði verið í eigu seljanda í full tvö ár skal hakað við lið 1 í spurningu 2. Hafi það verið skemur en tvö ár í eigu seljanda er valinn liður tvö. Ef hluti hins selda hefur verið í eigu seljanda í tvö ár eða lengur og hluti (t.d. viðbygging eða bílskúr) skemur er valinn liður 3 og þarf þá að gera grein fyrir skiptingunni í athugasemdum.

Á næstu blaðsíðu er mynd sem sýnir framsetningu þessa hlutar RSK 3.02 í netframtali. Með vísan til hennar þá eru forsendur útreiknings þessar:

Stærðarmörk: 600 rúmm. hjá einhleypingi og 1.200 rúmm. hjá hjónum/sambúðarfólki.

H = heildareign á söludegi í rúmmetrum.

S = stærð þess húsnæðis sem selt var í rúmmetrum.

A = hlutfall af stærð hins selda íbúðarhúsnæðis sem er yfir stærðarmörkum.

B = hlutfall af stærð hins selda íbúðarhúsnæðis sem er undir stærðarmörkum.

M = stærðarmörk.

A-hlutinn er alltaf skattskyldur. **B**-hlutinn er skattfrjáls, hafi húsnæðið verið í eigu seljanda í full tvö ár, ef ekki, þá er heimilt að ráðstafa honum til lækkunar eða fresta skattlagningu.

Útreikningur á skiptingu í A og B

$A = \min((H - M)/S, 1)$

$B = 1 - A$

Villumeldingar

Villa ef H er ekki stærra en 600 hjá einhleypingi eða 1200 hjá hjónum/sambúðarfólki.

Villa ef $S > H$

Villa ef “seljandi” merkir við lið 1 eða 2 í spurningu nr. 1 en svarar ekki spurningu nr. 2.

Mynd af netútgáfu E-liðar eyðublaðsins RSK 3.02, Kaup og sala eigna.

Hverjum selt? Smelltu á "Ný lína" ef kaupendur eru fleiri en einn.		Nafn kaupanda		Kennitala
		» Ný lína		

Eign og verð	Heiti/staðsetning eignar		Fastanúmer eignar
	Dags. kaupsamnings	Afhendingardagur	Söluverð

Útreiknaður söluhagnaður	Kaupár	Greidd sölulaun	Söluverð að frádr. sölukostnaði
			0
	Kaupverð/stofnverð	Verðbreytingarstuðull	Framreiknað stofnverð
			0
Skrá skal kaupverð hinnar seldu eignar, að frádrögnum áður fengnum söluhagnaði. Eða, ef framteljandi byggði eignina, stofnverð samkvæmt húsbýggingarskýrslu að frádröginni skattfrjálsri eigin vinnu.			Söluhagnaður
			0

Hvað var selt?

- ☒ Íbúðarhúsnæði eða frístundahúsnæði til eigin nota (eða undir stærðarmörkum)
- ☐ Íbúðarhúsnæði eða frístundahúsnæði yfir stærðarmörkum
 - heildareign á söludegi rúmmetrar
 - stærð þess húsnæðis sem selt var rúmmetrar
- ☐ Önnur fasteign, s.s. hesthús, bátaskýli, frístundahúsnæði ekki nýtt af eigendum eða verið til útleigu eða lóð
- ☐ Eignarhlutir í sameignarfélagi eða annað lausafé

Eignarhaldstími

- ☐ Hið selda íbúðarhúsnæði eða frístundahúsnæði var í eigu seljanda í full tvö ár eða lengur (sjö ár ef frístundahúsnæði)
- ☐ Hið selda íbúðarhúsnæði eða frístundahúsnæði var í eigu seljanda skemur en í tvö ár (sjö ár ef frístundahúsnæði)
- ☐ Hluti hins selda íbúðarhúsnæðis eða frístundahúsnæðis var í eigu seljanda tvö ár eða lengur og hluti skemur (sjö ár ef frístundahúsnæði)

Ráðstöfun söluhagnaðar

Hafi selt íbúðarhúsnæði eða frístundahúsnæði (til eigin nota eða undir stærðarmörkum) verið í eigu seljanda í full tvö ár eða lengur (sjö ár ef frístundahúsnæði) er söluhagnaður skattfrjáls. Þá þarf ekki að fylla blaðið út frekar.

- ☐ Notaður til lækkunar á stofnverði annars íbúðarhúsnæðis/frístundahúsnæðis sem keypt/byggt var á árinu
- ☐ Skattlagningu frestað um tvenn áramót
- ☐ 50% söluverðs fært sem söluhagnaður
- ☐ Önnur ráðstöfun

Fært í reit 522 á framtali.	Fært til lækkunar á stofnverði nýrrar eignar.	Frestun á skattlagningu.	Önnur ráðstöfun.	Skattfrjáls söluhagnaður.
0	0	0	0	0

Mínustala færist ekki á framtal. Ef tap er á sölu eignar færist 0 í reit 522.

Athugasemdir framteljanda varðandi skattalega meðferð söluhagnaðar

Viðauki i)

Vefþjónustur

Vefþjónustur eru notaðar til að gera samskipti milli tveggja ólíkra tölvukerfa örugg, skýr og samræmd.

Til að geta notað vefþjónustur RSK fyrir framtöl þarf endurskoðandi eða bókari (sendandi) sem notar þær að hafa gert samkomulag við RSK. Kennitalan er notuð þegar verið er að kalla á vefþjónusturnar hjá RSK og er sannreynd við notkun.

Öryggi

Allar vefþjónustur þessar eru keyrðar yfir örugga línu með SSL dulritun. Að auki eru formleg skil á framtölum og ársreikningum undirrituð með rafrænum skilríkjum og svör frá RSK kerfum eru einnig rafrænt undirrituð.

Slóð vefþjónustunnar er: <https://vefur.rsk.is/ws/xmlframta/thjonustur.asmx>

Vefþjónusta	Rafræn undirritun sendingar Sendandi	Rafræn undirritun svars RSK
SaekjaSkilmala Inn: Sendandi Út: SendingTokst, VillubodSendingar, Skilmalar		
StadfestaSkilmala Inn: Skilmalar, Tengilidur, Simanumer, Tolvupostur, Sendandi Út: SendingTokst, VillubodSendingar, MottakaStadfest	X	X
SkilaFramtali Inn: xmlFramtal, FaBradabirgdaureikning, Sendandi Út: SendingTokst, VillubodSendingar, SkilTokust, Abendingar, Villur, Bradabirgdaureikningur, xmlFramtal, Kvittun, Timastimpill	X	X
VilluprofaFramtal Inn: xmlFramtal, FaBradabirgdaureikning, Sendandi Út: SendingTokst, VillubodSendingar, StodsVilluprof, Abendingar, Villur, Bradabirgdaureikningur, Timastimpill		
SaekjaForskraningu Inn: Tekjuar, Framteljandi, Veflykill, Sendandi Út: SendingTokst, VillubodSendingar, xmlAritun, pdfSundurlidun		X
SaekjaFramtalPDF Inn: Tekjuar, Framteljandi, Veflykill, Sendandi Út: SendingTokst, VillubodSendingar, pdfFramtal		X
SendaFrestlista Inn: Frestlisti, Sendandi Út: SendingTokst, VillubodSendingar, FresturVeittur, Frestlisti	X	X
SkilaSkattalegumArsreikningi Inn: Framteljandi, Veflykill, Tekjuar, Arsreikningur, Form, Skjalaheiti, Sendandi Út: SendingTokst, VillubodSendingar, Skiltokust, pdfArsreikningur, Timastimpill	X	X
SkilaArsreikningarskrarArsreikningi Inn: Framteljandi, Veflykill, Tekjuar, Arsreikningur, UmslagArsreiknings, Form, Skjalaheiti, Sendandi Út: SendingTokst, VillubodSendingar, Skiltokust, pdfArsreikningur, Timastimpill	X	X
SaekjaSkilFramtala Inn: Tekjuar, Sendandi Út: SendingTokst, VillubodSendingar, ListiKennitalna	X	X
SaekjaSkilFramteljanda Inn: Framteljandi, Veflykill, Tekjuar, Sendandi Út: SendingTokst, VillubodSendingar, SkilTokust, Timastimpill		
AthugaTengingu Inn: Sendandi Út: SendingTokst, VillubodSendingar, Opin, IPtala		
AthugaSkilriki Inn: Sendandi Út: SendingTokst, VillubodSendingar, Gilt, IPtala	X	X
SaekjaAritunarupplýsingar Inn: Kennitala, KannitalaMaka, Veflykill, VeflykillMaka, Tekjuar, OskUmSamskottun, Sendandi Út: SendingTokst, VillubodSendingar, Einstaklingsframtal, Barnaframtal, Logadilaframtal		X

Vefþjónusta	Rafræn undirritun sendingar Sendandi	Rafræn undirritun svars RSK
SvaraSpurningum Inn: Tekjuar, Kennitala, Veflykill, Sendandi, Tengilidur Út: kennitala_maka, nafn_maka, sambud_hefst, fjolskyldumerking, SendingTokst, VillubodSendingar, StadaFramtals, StadaFramtalsMaka		
SvorVidSpurningum Inn: Kennitala, KennitalaMaka, Veflykill, VeflykillMaka, Tekjuar, SambudHefst, SambudHefstLeidrett, Samskottunaroskad, Barnstada, Sendandi, Tengilidur, Einstaklingsmerkja, Stofna Út: SendingTokst, SamskottunLeyfd, SamskottunSkilabod, Fjolskyldumerking, FjolskyldumerkingMaka, VillubodSendingar, Born, BornMaka		

SækjaSkilmala

Sækja skilmála endurskoðenda og bókara vegna notkunar vefþjónustu RSK.

- **SækjaSkilmala (Sendandi);**
 - o **Sendandi** – er kennitala þess sem sendir (endurskoðendur og bókarar).

Þessi svæði koma til baka þegar búið er að kalla á vefþjónustuna:

- **SendingTokst** (Boolean)
 - o True = Aðgerð tókst.
- **VillubodSendingar** (Strengur)
 - o Ef sending tókst ekki koma villuboð um það, t.d. ef ekki næst samband við gagnagrunninn.
- **Skilmalar** (Byte[])
 - o PDF skjal með skilmálum vefþjónustu RSK.

StaðfestaSkilmala

Staðfesta skilmála RSK fyrir notkun vefþjónustu.

- **StaðfestaSkilmala (Skilmalar, Tengilidur, Simanumer, Tolvupostur, Sendandi);**
 - o **Skilmalar** – PDF skjal sem RSK sendi með skeyti (SækjaSkilmala).
 - o **Tengilidur** – Kennitala tengiliðar sendanda.
 - o **Simanumer** – Símanúmer tengiliðar sendanda.
 - o **Tolvupostur** – Tölvupóstur tengiliðar sendanda.
 - o **Sendandi** – er kennitala þess sem sendir (endurskoðendur og bókarar).

Þessi svæði koma til baka þegar búið er að kalla á vefþjónustuna:

- **SendingTokst** (Boolean)
 - o True = Aðgerð tókst.
- **VillubodSendingar** (Strengur)
 - o Ef sending tókst ekki koma villuboð um það, t.d. ef ekki næst samband við gagnagrunninn.
- **MottakaStadfest** (Boolean)
 - o True = RSK hefur móttengið staðfesta skilmála.

Þegar starfsmaður RSK er búinn að fara yfir umsókn endurskoðenda eða bókara er kennitalan gerð virk og skil geta hafist.

SkilaFramtali

Framtali skilað rafrænt.

- **SkilaFramtali(xmlFramtal, FaBradabirgdaudreikning, Sendandi);**
 - o **xmlFramtal** er skilgreint framtal á XML sniði.

- o **FaBradabirgdaudreikning** er rofi - ef True þá er búinn til bráðabirgðaútreikningur skila og PDF skjal af niðurstöðunni sett í svæðið Bradabirgdaudreikningur í Svar-svæðunum (sjá hér að neðan).
- o **Sendandi** – er kennitala þess sem sendir (endurskoðanda/bókara).

Þessi svæði koma til baka þegar búíð er að kalla á vefþjónustuna:

- **SendingTokst** (Boolean)
 - o True = Aðgerð tókst.
- **VillubodSendingar** (Strengur)
 - o Ef sending tókst ekki koma villuboð um það, t.d. ef ekki næst samband við gagnagrunninn.
- **SkilTokust** (Boolean)
 - o True = Framtali var skilað.
- **Abendingar** (Listi-Array)
 - o Listi af ábendingum varðandi framtal (Hægt að skila þó að eitthvað sé hér).
- **Villur** (Listi-Array)
 - o Listi af villum varðandi framtal (EKKI hægt að skila ef eitthvað er hér).
- **Bradabirgdaudreikningur** (byte[])
 - o PDF af bráðabirgðaútreikningi (Ef beðið er um hann).
- **xmlFramtal** er framtal á XML sniði sem mótttekið var.
- **Kvittun** (byte[])
 - o PDF af Kvittun (Ef skil tókust).
- **Timastimpill** (DateTime/Strengur)

VilluprofaFramtal

Villuprófar framtal og skilar bráðabirgðaútreikningi.

- **VilluprofaFramtal(xmlFramtal, FaBradabirgdaudreikning, Sendandi);**
 - o **xmlFramtal** er skilgreint framtal á XML sniði.
 - o **FaBradabirgdaudreikning** er rofi - ef True þá er búinn til bráðabirgðaútreikningur skila og PDF skjal af niðurstöðunni sett í svæðið Bradabirgdaudreikningur í Svar-svæðunum (sjá hér að neðan).
 - o **Sendandi** – er kennitala þess sem sendir (endurskoðanda/bókara).

Þessi svæði koma til baka þegar búíð er að kalla á vefþjónustuna:

- **SendingTokst** (Boolean)
 - o True = Aðgerð tókst.
- **VillubodSendingar** (Strengur)
 - o Ef sending tókst ekki koma villuboð um það, t.d. ef ekki næst samband við gagnagrunninn.
- **StodstVilluprof** (Boolean)
 - o True = Framtal stóðst villupróf.
- **Abendingar** (Listi-Array)
 - o Listi af ábendingum varðandi framtal (Hægt að skila þó að eitthvað sé hér).
- **Villur** (Listi-Array)
 - o Listi af villum varðandi framtal (EKKI hægt að skila ef eitthvað er hér).
- **Bradabirgdaudreikningur** (byte[])
 - o PDF af bráðabirgðaútreikningi (Ef beðið er um hann).
- **Timastimpill** (DateTime/Strengur)

SækjaForskraningu

Hægt er að sækja upplýsingar sem eru forskráðar á framtöl eftir upplýsingum sem RSK hefur safnað saman.

- **SækjaForskraningu(Tekjuar, Framteljandi, Veflykill, Sendandi);**
 - o **Tekjuar** – er árið sem talið er fram fyrir.
 - o **Framteljandi** – er kennitala framteljanda.
 - o **Veflykill** – er veflykill framteljanda.

- o **Sendandi** – er kennitala þess sem sendir (endurskoðanda/bókara).

Þessi svæði koma til baka þegar búið er að kalla á vefþjónustuna:

- **SendingTokst** (Boolean)
 - o True = Aðgerð tókst.
- **VillubodSendingar** (Strengur)
 - o Ef sending tókst ekki koma villuboð um það, t.d. ef ekki næst samband við gagnagrunninn.
- **xmlAritun** - niðurstöður select skipunar á XML formi.
- **pdfSundurlidun** – PDF skjal með sömu upplýsingum og eru á sundurliðunarblaði.

SækjaFramtalPDF

Hægt er að sækja framtal fyrra árs á PDF formi.

- **SækjaFramtalPDF(Tekjuar, Framteljandi, Veflykill, Sendandi);**
 - o **Tekjuar** – Umbeðið tekjuár (í fyrstu bara leyft fyrir síðasta ár).
 - o **Framteljandi** – er kennitala framteljanda.
 - o **Veflykill** – er veflykill framteljanda.
 - o **Sendandi** – er kennitala þess sem sendir (endurskoðanda/bókara).

Þessi svæði koma til baka þegar búið er að kalla á vefþjónustuna:

- **SendingTokst** (Boolean)
 - o True = Aðgerð tókst.
- **VillubodSendingar** (Strengur)
 - o Ef sending tókst ekki koma villuboð um það, t.d. ef ekki næst samband við gagnagrunninn.
- **pdfFramtal** (byte[])
 - o PDF af framtali.

SendaFrestlista

Hægt er að senda lista yfir kennitölur sem sótt er um frest fyrir.

- **SendaFrestlista(Frestlisti, Sendandi);**
 - o **Frestlisti** – Listi á XML formi með kennitölum þeirra sem sótt er um frest fyrir með hverri kennitölu fylgir flokkun: E - einstaklingur án rekstrar, R - einstaklingur með rekstur, L - lögaðili). Fyrir þar sem telur fram saman er nægilegt að senda kennitölu annars aðilans.
 - o **Sendandi** – er kennitala þess sem sendir (endurskoðanda/bókara).

Þessi svæði koma til baka þegar búið er að kalla á vefþjónustuna:

- **SendingTokst** (Boolean)
 - o True = Aðgerð tókst.
- **VillubodSendingar** (Strengur)
 - o Ef sending tókst ekki koma villuboð um það, t.d. ef ekki næst samband við gagnagrunninn.
- **FresturVeittur** (Boolean)
 - o True = Frestur til framtalsskila veittur af RSK.
- **Frestlisti**
 - o Listi á XML formi með kennitölum, nöfnum og flokkun aðila. Kennitölur og nöfn maka koma einnig með.

SkilaSkattalegumArsreikningi

Notað til að skila ársreikningi fyrir Skattalega meðhöndlun.

- **SkilaArsreikningi(Arsreikningur, Form, Skjalaheiti, Tekjuar, Framteljandi, Veflykill, Sendandi);**
 - o **Framteljandi** – er kennitala framteljanda.
 - o **Veflykill** – er veflykill framteljanda.

- o **Tekjuar** – Árið sem skilað er fyrir.
- o **Arsreikningur** – er ársreikningurinn á því formi sem leyfilegt er (PDF, Word, Excel).
- o **Form** – doc, xls, pdf, jpg.
- o **Skjalaheiti** – upphaflegt skjalaheiti í skráarkerfi.
- o **Sendandi** – er kennitala þess sem sendir (fyrirtækið).

Þessi svæði koma til baka þegar búið er að kalla á vefþjónustuna:

- **SendingTokst** (Boolean)
 - o True = Aðgerð tókst.
- **VillubodSendingar** (Strengur)
 - o Ef sending tókst ekki koma villuboð um það, t.d. ef ekki næst samband við gagnagrunninn.
- **SkilTokust** (Boolean)
 - o True = Ársreikningi var skilað.
- **pdfArsreikningur** (byte[])
 - o PDF af ársreikningi.
- **Timastimpill** (DateTime/Strengur)

SkilaArsreikningaskrárArsreikningi

Notað til að skila ársreikningi vegna Ársreikningaskrár.

- **SkilaArsreikningaskrárArsreikningi**(**Arsreikningur**, **UmslagArsreiknings**, **Form**, **Skjalaheiti**, **Tekjuar**, **Framteljandi**, **Veflykill**, **Sendandi**);
 - o **Framteljandi** – er kennitala framteljanda.
 - o **Veflykill** – er veflykill framteljanda.
 - o **Tekjuar** – Árið sem skilað er fyrir.
 - o **Arsreikningur** – er ársreikningurinn á því formi sem leyfilegt er (PDF, Word, Excel).
 - o **UmslagArsreiknings** – XML skjal með upplýsingum um aðila og dagsetningar sem tengjast ársreikningi.
 - o **Form** – doc, xls, pdf, jpg.
 - o **Skjalaheiti** – upphaflegt skjalaheiti í skráarkerfi.
 - o **Sendandi** – er kennitala þess sem sendir (endurskoðendur og bókarar).

Þessi svæði koma til baka þegar búið er að kalla á vefþjónustuna:

- **SendingTokst** (Boolean)
 - o True = Aðgerð tókst.
- **VillubodSendingar** (Strengur)
 - o Ef sending tókst ekki koma villuboð um það, t.d. ef ekki næst samband við gagnagrunninn.
- **SkilTokust** (Boolean)
 - o True = Ársreikningi var skilað.
- **pdfArsreikningur** (byte[])
 - o PDF af ársreikningi.
- **Timastimpill** (DateTime/Strengur)

SækjaSkilFramtala

Sækja lista yfir öll framtöl sem skilað hefur verið.

- **SækjaSkilFramtala** (**Tekjuar**, **Sendandi**);
 - o **Tekjuar** – Árið sem skilað var fyrir.
 - o **Sendandi** – er kennitala þess sem sendir (endurskoðendur og bókarar).

Þessi svæði koma til baka þegar búið er að kalla á vefþjónustuna:

- **SendingTokst** (Boolean)
 - o True = Aðgerð tókst.
- **VillubodSendingar** (Strengur)

- o Ef sending tókst ekki koma villuboð um það, t.d. ef ekki næst samband við gagnagrunninn.
- **ListiKennitalna** (Strengur)
 - o Listi á XML formi með kennitölum, nöfnum þeirra sem búið er að skila framtölum fyrir ásamt tímastimpli skila. Kennitölur og nöfn maka koma einnig með.

SækjaSkilFramteljanda

Sækja lista yfir öll framtöl sem skilað hefur verið.

- **SækjaSkilFramtala (Tekjuar, Sendandi);**
 - o **Framteljandi** – er kennitala framteljanda.
 - o **Veflykill** – er veflykill framteljanda.
 - o **Tekjuar** – Árið sem skilað var fyrir.
 - o **Sendandi** – er kennitala þess sem sendir (endurskoðendur og bókarar).

Þessi svæði koma til baka þegar búið er að kalla á vefþjónustuna:

- **SendingTokst** (Boolean)
 - o True = Aðgerð tókst.
- **VillubodSendingar** (Strengur)
 - o Ef sending tókst ekki koma villuboð um það, t.d. ef ekki næst samband við gagnagrunninn.
- **SkilTokust** (Boolean)
 - o True = Framtali var skilað.
- **Tímastimpill** (DateTime/Strengur).

AthugaTengingu

Kanna ástand tengingar við vefþjónustu RSK.

- **AthugaTengingu(Sendandi);**
 - o **Sendandi** – er kennitala þess sem sendir (endurskoðendur og bókarar).

Þessi svæði koma til baka þegar búið er að kalla á vefþjónustuna:

- **SendingTokst** (Boolean)
 - o True = Aðgerð tókst.
- **VillubodSendingar** (Strengur)
 - o Ef sending tókst ekki koma villuboð um það, t.d. ef ekki næst samband við gagnagrunninn.
- **Opin** (Boolean)
 - o True = Þessi sendandi er á lista RSK og tengingin er því opin.
- **IPtala** (Strengur)
 - o IP tala sem sent var frá.

AthugaSkilríki

Kanna ástand skilríkja við vefþjónustu RSK.

- **AthugaSkilríki(Sendandi);**
 - o **Sendandi** – er kennitala þess sem sendir (endurskoðendur og bókarar).

Þessi svæði koma til baka þegar búið er að kalla á vefþjónustuna:

- **SendingTokst** (Boolean)
 - o True = Aðgerð tókst.
- **VillubodSendingar** (Strengur)
 - o Ef sending tókst ekki koma villuboð um það, t.d. ef ekki næst samband við gagnagrunninn.
- **Gilt** (Boolean)
 - o True = Gilt skilríki.
- **IPtala** (Strengur)

- o IP tala sem sent var frá.

SækjaAritunarpplýsingar

Sækir grunnupplýsingar við stofnun framtals.

- **Kennitala, KannitalaMaka, Veflykill, VeflykillMaka, Tekjuar, OskUmSamskottun.**
Sendandi: (Boolean)
 - o **Sendandi** – er kennitala þess sem sendir (endurskoðendur og bókarar)

Þessi svæði koma til baka þegar búið er að kalla á vefþjónustuna:

- **SendingTokst** (Boolean)
 - o True = Aðgerð tókst.
- **VillubodSendingar** (Strengur)
 - o Ef sending tókst ekki koma villuboð um það, t.d. ef ekki næst samband við gagnagrunninn.

SvaraSpurningum

Athugar hvort spyrja þurfi út í samsköttun vegna * og 7 merktra.

SvaraSpurningum(Tekjuar, Kennitala, Veflykill, Sendandi, Tengilidur)

- **Tekjuar** – er árið sem talið er fram fyrir.
- **Kenntala** – Kennitala framteljanda.
- **Veflykill** – Veflykill framteljanda.
- **Sendandi** – Kennitala þess sem sendir (endurskoðanda/bókara).
- **Tengilidur** – Tengiliður sendanda hjá RSK.

Þessi svæði koma til baka þegar búið er að kalla á vefþjónustuna:

- **kennitala_maka** (Strengur)
 - o Kennitala maka framteljanda.
- **nafn_maka** (Strengur)
 - o Nafn maka framteljanda.
- **sambud_hefst** (Strengur)
 - o Hvenær sambúð hófst á forminu „dd.mm.yyyy“.
- **Fjolskyldumerking** (Strengur)
 - o Núverandi fjölskyldumerking framteljanda.
- **SendingTokst** (Boolean)
 - o True = Aðgerð tókst.
- **VillubodSendingar** (Strengur)
 - o Villuskilaboð, ef það á við.
- **StadaFramtals**
 - o Staðan á framtali framteljanda, t.d. hvort búið sé að skila.
- **StadaFramtalsMaka**
 - o Staðan á framtali maka, t.d. hvort búið sé að skila.

SvorVidSpurningum

Sér um að ganga frá samsköttun ef þess er óskað af framteljanda.

SvorVidSpurningum(Kennitala, KennitalaMaka, Veflykill, VeflykillMaka, Tekjuar, SambudHefst, SambudHefstLeidrett, Samskottunaroskad, Barnstada, Sendandi, Tengilidur, Einstaklingsmerkja, Stofna)

- **Kennitala** – Kennitala framteljanda.
- **KennitalaMaka** – Kennitala maka framteljandans.
- **Veflykill** – Veflykill framteljanda.
- **VeflykillMaka** – Veflykill maka framteljanda.
- **Tekjuar** – er árið sem talið er fram fyrir.

- **SambudHefst** – Dagsetningin hvenær sambúð framteljanda hefst.
- **SambudHefstLeidrett** – Leiðrétt upphaf sambúðar, ef við á.
- **Samskottunaroskad** – Óskar framteljandi eftir samsköttun eða ekki.
- **Barnstada** – Staðan á börnum framteljanda, t.d. hvort hann eigi von á barni.
- **Sendandi** – Kennitala þess sem sendir (endurskoðanda/bókara).
- **Tengilidur** – Tengiliður sendanda.
- **Einstaklingsmerkja** – Hvort framteljandi vilji láta einstaklingsmerkja sig eða ekki.
- **Stofna** – Hvort stofna eigi framtal eða ekki.

Þessi svæði koma til baka þegar búið er að kalla á vefþjónustuna:

- **SendingTokst** (Boolean)
 - o True = Aðgerð tókst.
- **SamskottunLeyfd** (Boolean)
 - o Hvort samsköttun sé leyfileg óski framteljandi samsköttunar.
- **SamskottunSkilabod** (Strengur)
 - o Ýmis skilaboð varðandi vefþjónustukallið, t.d. hvort aðgerð hafi heppnast.
- **Fjolskyldumerking** (Strengur)
 - o Ný hjúskaparstaða framteljanda.
- **FjolskyldumerkingMaka** (Strengur)
 - o Ný hjúskaparstaða maka.
- **VillubodSendingar** (Strengur)
 - o Villuskilaboð, ef einhver.
- **Born** (List)
 - o Listi af börnum framteljanda.
- **BornMaka** (List)
 - o Listi af börnum maka.

EINSTAKLINGSFRAMTAL

- **Einstaklingur:**
 - o Kennitala: string
 - o Tekjuar: string
 - o Fjolskyldunumer: string
 - o Nafn: string
 - o Heimili: string
 - o Postnumer: string
 - o Sveitafelag: string
 - o Skattaumdaemi: string
 - o Radnumer: string
 - o Personumerking: string
 - o Hjúskaparstada: string
 - o BornYngriEn7: string
 - o Born7til15: string
 - o AthugasemdA: string
 - o AthugasemdE: string
 - o AthugasemdR: string
 - o IsatNumer: string
 - o VskNumer: string
 - o DanardagurMaka: datetime
 - o Rettindaskra: boolean
 - o Athugasemd: string
- **Maki:**
 - o KennitalaMaka: string
 - o NafnMaka: string
 - o Radnumer: string
 - o AthugasemdA: string
 - o AthugasemdE: string
 - o AthugasemdR: string

- o IsatNumer: string
- o IsatHeiti: string
- o VSKNumer: string

· **Born:**

- o KennitalaBarns: string
- o NafnBarns: string
- o Uppruni: string

BARNAFRAMTAL

- o Kennitala: string
- o Tekjuar: string
- o Fjolskyldunumer: string
- o Nafn: string
- o Heimili: string
- o Postnumer: string
- o Sveitarfelag: string
- o Skattumdaemi: string
- o Athugasemd: string

LOGADILAFRAMTAL

- o Kennitala: string
- o Tekjuar: string
- o Nafn: string
- o Heimili: string
- o Postnumer: string
- o Sveitarfelag: string
- o Skattumdaemi: string
- o VSKNumer: string
- o IsatNumer: string
- o HeitiAtvinnugreinar: string
- o Skattstofumerking: string
- o Gjaldstig: string
- o Rekstrarform: string
- o Athugasemd: string

Viðauki j)

Virðisaukaskattur

Hvað telst útfyllt rekstrarblað (m.t.t. virðisaukaskatts):

RSK 4.11: Ef $1017 + 1027 + 1030 + 14a$ á RSK 4.01 > 0

RSK 4.08: Ef $1010 + 1025 + 1399 + 2800 + 2815 + 2820 > 0$

RSK 1.04: Ef $1017 + 1027 + 1030 + 2800 + 2815 + 2820 > 0$

RSK 1.06: Ef $1017 + 1027 > 0$

RSK 4.10 telst útfyllt ef á það eru skráðar tekjur, gjöld, eignir eða skuldir. Þetta rekstrarblað á ekki að nota þegar framteljandi er handhafi vsk-númers.

Rekstrargjöld eru ekki tilgreind á RSK 1.06 og ekki sundurliðuð eftir vsk-þrepum á RSK 4.11. Því eru engir reitir 2800, 2815 og 2820 á þessum blöðum.

Útsköttuð sala fastafjármuna færast sjálfkrafa inn í veltu í vsk-uppgjöri á RSK 1.04 og RSK 4.08, en ef skilað er RSK 4.11 þarf að skrá hana á samanburðarskýrslu RSK 10.25, samkvæmt reit 14a á Eignaskrá RSK 4.01.

Ef eingöngu eru taldar fram eignir og skuldir, en engin velta, krefst það ekki vsk-prófunar.

Hvað telst útfyllt virðisaukaskattsblað:

RSK 10.25; ef summa tölugilda allra þessara reita > 0 :

N1025_BOKH_ARS_255	N1025_BOKH_ARS_245	N1025_BOKH_ARS_24
N1025_BOKH_ARS_14	N1025_BOKH_ARS_11	N1025_BOKH_ARS_7
N1025_BOKH_ARS_0	N1025_BOKH_ARS_UTSK	N1025_BOKH_ARS_INNSK
N1025_MISMUNUR_255	N1025_MISMUNUR_245	N1025_MISMUNUR_24
N1025_MISMUNUR_14	N1025_MISMUNUR_11	N1025_MISMUNUR_7
N1025_MISMUNUR_0	N1025_MISMUNUR_UTSK	N1025_MISMUNUR_INNSK

RSK 10.26; ef summa tölugilda allra þessara reita > 0 :

A N1026_SAMT_VSK_SK_VELTA_245	B N1026_SAMT_VSK_SK_VELTA_14
C N1026_SAMT_VSK_SK_VELTA_0	E N1026_SAMT_INNSKATTUR
AA N1026_SAMT_VSK_SK_VELTA_255	BB N1026_SAMT_VSK_SK_VELTA_7

RSK 10.27; ef summa tölugilda allra þessara reita > 0 :

A N1027_HEILDARVELTA_AN_VSK	B N1027_SALA_AN_VSK
D N1027_SAMT_INNKAUP_AN_VSK	E N1027_INNSKATTUR_INNKAUP

Athugun á virðisaukaskattsnúmerum:

Ef vsk-blað, 10.25, 10.26 eða 10.27 er fyllt út en vsk-númer vantar, þá villa.

Ef vsk-blað er fyllt út og skráð er vsk-númer sem framteljandi á ekki, þá villa.

Ef á rekstrarblaði, RSK 4.11, RSK 4.08, RSK 1.04 eða RSK 1.06 er vsk-skyld velta en vsk-númer vantar, þá villa.

Ef rekstrarblað er fyllt út og skráð er vsk-númer sem framteljandi á ekki, þá villa.

Ef á rekstrarblaði er talin fram vsk-skyld eða innskattur en framteljandi er ekki á virðisaukaskattsskrá, þá villa.

Hvenær skal skila Samanburðarskýrslu RSK 10.25:

Lögaðili sem skilar RSK 1.04 og á eitt vsk-númer skilar ekki RSK 10.25.

Lögaðili sem skilar RSK 1.04 og á tvö eða fleiri vsk-númer skilar einu RSK 10.25 fyrir hvert númer.

Lögaðili sem skilar RSK 1.06 skilar einu blaði fyrir hvert vsk-númer, hvort sem þau eru eitt eða fleiri.

Einstaklingur sem skilar RSK 4.10 skilar ekki RSK 10.25.

Einstaklingur sem skilar RSK 4.11 skilar einu RSK 10.25 fyrir hvert vsk-númer, hvort sem hann á eitt vsk-númer eða fleiri.

Einstaklingur sem skilar RSK 4.08 og á eitt vsk-númer skilar ekki RSK 10.25.

Einstaklingur sem skilar RSK 4.08 og á tvö eða fleiri vsk-númer skilar einu blaði fyrir hvert númer.

Einstaklingur sem skilar RSK 1.04 og á eitt vsk-númer skilar ekki RSK 10.25.

Einstaklingur sem skilar RSK 1.04 og á tvö eða fleiri vsk-númer skilar einu blaði fyrir hvert númer. Einstaklingur sem skilar RSK 4.08 og að auki RSK 4.11, og á eitt vsk-númer, skal skila RSK 10.25 þar sem tilgreind er öll velta í rekstri, samtals af báðum rekstrarblöðum. Einstaklingur sem skilar RSK 4.08 og að auki RSK 4.11, og á fleiri en eitt vsk-númer, skal skila RSK 10.25 vegna vsk-númers sem notað er á RSK 4.11. Einstaklingur sem skilar RSK 4.08 og að auki RSK 1.04, og á eitt vsk-númer þarf ekki að skila RSK 10.25 en má gera það. Einstaklingur sem skilar RSK 4.08 og að auki RSK 1.04, og á fleiri eitt vsk-númer, má en þarf ekki að skila RSK 10.25, nema notuð séu fleiri en eitt vsk-númer fyrir annan hvorn reksturinn, þá skal skila einu RSK 10.25 fyrir hvert númer.

Hvenær skal skila Leiðréttingarskýrslu RSK 10.26 eða skila leiðréttingu beint inn í vsk-kerfið (mælt með þeirri leið):

Ef fram kemur mismunur í vsk-uppgjöri en leiðréttingarskýrslu vantar, þá villa.

Ef leiðréttingarskýrsla er fyllt út en mismunur í vsk-uppgjöri er enginn, þá villa.

Lögaðili sem skilar RSK 1.04 skal skila leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts ef fram kemur mismunur í vsk-uppgjöri framtalsins, þ.e. mismunur á veltu (einnig undanþeginni veltu), útskatti eða innskatti samkvæmt bókhaldi og ársreikningi annars vegar og virðisaukaskattsskýrslum hins vegar. Sé mismunur enginn er ekki heimilt að skila blaðinu. Séu notuð tvö eða fleiri vsk-númer í rekstrinum skal skila einu RSK 10.26 fyrir hvert númer þar sem um mismun er að ræða.

Lögaðili sem skilar RSK 1.06 skal skila leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts ef fram kemur mismunur á samanburðarskýrslunni RSK 10.25, þ.e. mismunur á veltu (einnig undanþeginni veltu), útskatti eða innskatti samkvæmt bókhaldi og ársreikningi annars vegar og virðisaukaskattsskýrslum hins vegar. Sé mismunur enginn er ekki heimilt að skila blaðinu. Séu notuð tvö eða fleiri vsk-númer í rekstrinum skal skila einu RSK 10.26 fyrir hvert númer þar sem um mismun er að ræða.

Einstaklingur sem skilar RSK 4.11, RSK 4.08 eða RSK 1.04 skal skila leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts ef fram kemur mismunur á veltu (einnig undanþeginni veltu), útskatti eða innskatti samkvæmt bókhaldi og ársreikningi annars vegar og virðisaukaskattsskýrslum hins vegar. Gildir það hvort sem mismunurinn kemur fram í vsk-uppgjöri Landbúnaðarskýrslu RSK 4.08, Rekstrarframtals RSK 1.04 eða á Samanburðarskýrslu RSK 10.25 sem fyllt er út vegna Rekstrarskýrslu RSK 4.11. Sé mismunur enginn er ekki heimilt að skila blaðinu. Séu notuð tvö eða fleiri vsk-númer í rekstrinum skal skila einu RSK 10.26 fyrir hvert númer þar sem um mismun er að ræða.

Undantekning: Ef framteljandi er með skilamáta þar sem uppgjörstímabil er skemmra en tveir mánuðir (skilamátar 2*, 4* eða 8*) getur hann ekki skilað Leiðréttingarskýrslu RSK 10.26. Komi fram mismunur í vsk-uppgjöri framteljanda með þannig skilamáta skal hann skila leiðréttingu á virðisaukaskattsskýrslu RSK 10.01 (á pappír) fyrir þau tímabil sem þarf að leiðrétta. Á leiðréttingarskýrslu RSK 10.26 ársins 2016 og síðar er ekki gert ráð fyrir leiðréttingu vegna 24,5% og 14% vsk.-þrepa. Sé um að ræða leiðréttingu í þeim þrepum þarf að skila RSK 10.26 á pappír.

Hvenær skal skila Afstemmingarblaði RSK 10.27:

Ef framteljandi er með blandaða starfsemi en afstemmingarblað vantar, þá villa.

Sé afstemmingarblað fyllt út en ekki er um að ræða blandaða starfsemi, þá villa.

Ef framteljandi, einstaklingur eða lögaðili, telur fram rekstrartekjur af blandaðri starfsemi, þ.e. bæði virðisaukaskattskyldar tekjur og tekjur af starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti skv. 2. gr., skal fylla úr RSK 10.27. Þó þarf ekki að fylla út blaðið ef innskattur er enginn.

Undantekning: Ef fram kemur blönduð starfsemi á Landbúnaðarskýrslu RSK 4.08 þarf ekki að skila afstemmingarblaði ef tekjur í reit 1345 eru eingöngu vegna starfsemi þar sem ekki er gjaldfærður innskattaður rekstrarkostnaður, s.s. arður af veiðirétti.

Ef ekki er um blandaða starfsemi að ræða, þ.e. engar tekjur eru taldar fram í reit 1040 á RSK 4.11, RSK 1.04 eða RSK 1.06 eða í reit 1345 á RSK 4.08, er ekki heimilt að skila RSK 10.27.

Viðauki k)

Hlutabréfaeign – kaup og sala, RSK 3.19

Eyðublaðið RSK 3.19 er frábrugðið öðrum eyðublaðum í rafrænum skilum að því leyti að hver færsla í undirtöflu (detail) er samansett af upplýsingum úr fimm undir-undirtöflum (sub-details).

- Í aðaltöflu (master) skal geyma samtölur úr öllum dálkum eyðublaðsins og upplýsingar um útreikning á söluhagnaði.
- Í undirtöflu (detail) er ein færsla fyrir hverja hlutabréfaeign, sem myndar eina línu á eyðublaðinu. Færslan skal innihalda nafn félags, kennitölu (eða auðkenni), arð, staðgreiðslu af arði, leiðrétt stofnverð seldra hlutabréfa og samanteknar upplýsingar úr undir-undirtöflunum fimm. Einnig kennitölu eiganda bréfanna og upplýsingar um tekjuskattkvöð (ef um slík bréf er að ræða).
- Undir-undirtöflur (sub-details) skulu innihalda sundurliðaðar upplýsingar um 1) hlutabréfaeign í ársbyrjun, 2) kaup á árinu, 3) sölu á árinu, 4) breytingar til hækkunar, 5) breytingar til lækkunar og 6) upplýsingar um tekjuskattkvöð (ef um slík bréf er að ræða).
- Þegar upplýsingar frá hlutabréfablaði fyrra árs eru áritaðar á RSK 3.19 koma þær inn á blaðið sem hlutabréfaeign í ársbyrjun og því ekki hægt að skrá þær í þrep 1).

Eyðublaðinu er skipt í sex hluta: Almenn hlutabréf, hlutabréf með tekjuskattkvöð, hlutabréf sem veittu frádrátt frá tekjum árinu, sérstök hlutabréf, erlend hlutabréf og útreikning á söluhagnaði. Sama hlutafélag getur komið fyrir í fleiri en einni línu ef maki eða börn framteljanda eiga hlutabréf í sama félagi. Íslenskt hlutafélag getur einnig komið fyrir bæði sem Almenn, Hlutabréf með tekjuskattkvöð, Hlutabréf sem veitti frádrátt frá tekjum og Sérstakt. Um almennar reiknireglur fyrir eyðublaðið, sjá kafla III.

Almenn hlutabréf:

Í kaflann “Almenn hlutabréf” skal færa hlutabréfaeign í íslenskum hlutafélögum, önnur en þau sem flokkast undir sérstök hlutabréf, svo og stofnfjáreign í sparisjóðum.

Hlutabréf með tekjuskattkvöð:

Í kaflann “Hlutabréf með tekjuskattkvöð” skal færa þá hlutabréfaeign í íslenskum hlutafélögum sem fengin er á undirverði (skv. kaupréttarsamningi), þar sem tekjuskattur af hlunnindunum við að fá bréfin á undirverði skattleggst ekki fyrr en við sölu þeirra. Á slíkum hlutabréfum hvílir því ákveðin tekjuskattkvöð, sem er mismunurinn á kaupverði bréfanna og raunverulegu gangverði þeirra (eða skráðu verði í kauphöll) á þeim degi þegar bréfin voru keypt (kauprétturinn var nýttur).

Stofnverð (sem notað er til að reikna út söluhagnað við sölu bréfanna) hlutabréfa með tekjuskattkvöð er = **Kaupverð bréfanna + Tekjuskattkvöðin**. Það er því frábrugðið stofnverði almennra hlutabréfa, þar sem stofnverðið er eingöngu kaupverð þeirra.

Hlutabréf sem veittu frádrátt frá tekjum á tekjuárinu:

Í kaflann “Hlutabréf sem veittu frádrátt frá tekjum” skal færa þá hlutabréfaeign í íslenskum hlutafélögum, þar sem um er að ræða hlutabréf sem keypt hafa verið í hlutafjárukningu tiltekinna hlutafélaga, þar sem fjárfestingin hefur veitt sérstakan skattfrádrátt skv. ákvæðum 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. tekjuskattslaga.

Sérstök hlutabréf:

Í kaflann “Sérstök hlutabréf” skal færa hlutabréf, í íslenskum félögum, sem keypt voru á árunum 1990-96 í hlutafélagi sem hlotið hafði staðfestingu ríkisskattstjóra á kaupári. Hafi framteljandi eignast bréf við skipti félags eða sameiningu og látið af hendi sérstök hlutabréf í þeim skiptum, skal færa bréfin sem þannig fengust í kaflann “Sérstök hlutabréf”. Þá þarf jafnframt að tilgreina í hvaða hlutafélagi hin sérstöku hlutabréf voru keypt og skrá kennitölu þess í reitinn “Kennitala í árslok 1996”.

Sérstakur reitur er fyrir jöfnunarhlutabréf sem gefin hafa verið út 1997 og síðar. Þau þarf að tilgreina sérstaklega þar sem nafnverð þeirra má ekki telja með við útreikning á jöfnunarverðmæti.

Erlend hlutabréf:

Í kaflann “Erlend hlutabréf” skal færa hlutabréfaeign í erlendum félögum. Þar skal tilgreina hvort þau eru færð á nafnverði eða skráður er fjöldi hluta.

Stofnverð hlutabréfa:

Stofnverð hlutabréfa er kaupverð þeirra. Hafi hlutabréf verið keypt fyrir 1996 skal nota framreiknað kaupverð. Hafi verið reiknaður út jöfnunarstuðull fyrir hlutafélagið er jöfnunarverðmæti hlutabréfanna fært sem stofnverð ef það er hærra en framreiknað kaupverð. Bæði í netframtali og framtalsforriti skulu stuðlar vegna þessara útreikninga liggja fyrir í stoðtöflum og þeir útreikningar gerðir sjálfvirkir.

Stoðtöflur:

Stoðtöflur fyrir eyðublaðið RSK 3.19 eru tíu:

- Ein með verðbreytingarstuðlum til að finna framreiknað kaupverð hlutabréfa.
- Ein með jöfnunarstuðlum fyrir öll hlutafélög sem fengið hafa staðfestan útreikning á jöfnunarverðmæti hjá skattstjóra.
- Sjö töflur eru vegna sérstakra hlutabréfa, þ.e. ein fyrir hvert ár 1990-96 sem inniheldur kennitölur allra hlutafélaga sem hlutu staðfestingu ríkisskattstjóra á viðkomandi ári.
- Ein sem inniheldur kennitölur allra félaga og upplýsingar um rekstrarform svo og um félagsslit eða gjaldþrot hjá félögum sem hætt eru starfsemi (aðeins fyrir villuprófun).

Stoðtöflurnar eru notaðar við útfyllingu framtals og eru auk þess allar í reglum (stored procedure) og notaðar í villuprófun við framtalsskil. Síðastnefnda taflan er þó eingöngu notuð í villuprófun, þ.e. til að hafna færslum ef skráð er á eyðublaðið félag sem ekki er hlutafélag eða sparisjóður, eða félag sem hætt hefur starfsemi vegna sameiningar, skiptingar, félagsslita eða gjaldþrots.

Breytingar til hækkunar, aðrar en kaup:

Hægt er að færa inn sjö mismunandi breytingar á hlutabréfaeign til hækkunar. Þau atriði sem þarf að skrá eru:

- Jöfnunarhlutabréf. Nafnverð fenginna jöfnunarhlutabréfa. Hér er einnig skráð endurmat á stofnfé sparisjóða.
- Fengin arfur: Kennitala arfláta, nafnverð og stofnverð.
- Fengin gjöf: Kennitala gefanda, nafnverð og stofnverð.
- Sameining félaga: Kennitala félagsins sem sameinað var því félagi sem framteljandi á hlutabréf í, nafnverð og stofnverð.
- Skipting félaga: Kennitala félagsins sem var skipt, nafnverð og stofnverð.
- Einkarekstur færður í ehf: Nafnverð og stofnverð.
- Aðrar breytingar: Nafnverð og stofnverð. Ef þessi liður er notaður til að færa inn stofnverð bréfa sem áður hafa verið talin fram án stofnverðs, er nafnverð ekki skráð.

Breytingar til lækkunar, aðrar en sala:

Hægt er að færa inn níu mismunandi breytingar á hlutabréfaeign til lækkunar. Þau atriði sem þarf að skrá eru:

- Gjaldþrot. Aðeins er valið “Gjaldþrot” en engar frekari upplýsingar skráðar. Nafnverð í árslok og stofnverð í árslok skal færa niður í 0 (sjálfvirk).
- Tapað hlutafé. Aðeins er valið “Tapað hlutafé” en engar frekari upplýsingar skráðar. Nafnverð í árslok og stofnverð í árslok skal færa niður í 0 (sjálfvirk).
- Fyrirframgreiddur arfur: Kennitala erfingja, nafnverð og stofnverð. Séu erfingjar fleiri en einn skal gera eina færslu fyrir hvern erfingja.
- Hlutabréf gefin: Kennitala móttakanda, nafnverð og stofnverð.
- Sameining félaga: Kennitala félagsins sem viðkomandi félag sameinaðist. Ekki eru skráðar fjárhæðir en nafnverð í árslok og stofnverð í árslok skal færa niður í 0 (sjálfvirk).
- Skipting félaga: Nafnverð og stofnverð. Ekki er skráð kennitala, enda félaginu skipt í tvö eða fleiri félög. Kennitala félagsins sem er skipt á hins vegar að koma fram í færslu félagsins/félaganna sem koma í staðinn, sbr. skráningu á breytingum til hækkunar vegna skiptingar félaga.
- Niðurfærsla hlutafjár: Nafnverð og stofnverð.
- Félagi slitið: Aðeins er valið “Félagi slitið” en engar frekari upplýsingar skráðar. Nafnverð í árslok og stofnverð í árslok skal færa niður í 0 (sjálfvirk).
- Aðrar breytingar: Nafnverð og stofnverð.

Um skiptingu og sameiningu félaga:

Aðeins er hægt að skrá breytingar vegna skiptingar eða sameiningar á íslenskum hlutafélögum. Þegar skráð er breyting til lækkunar vegna sameiningar þarf að vera til mótfærsla/andlag, þ.e. breyting til hækkun vegna sameiningar. Sama gildir um breytingar vegna skiptingar.

Breytingar sem þannig eru færðar eiga að stemma þannig að sú fjárhæð sem færð er sem lækkun á stofnverði sé jöfn fjárhæð sem færð er sem hækkun á stofnverði. Nafnverð þarf ekki að vera eins.

Forskráning og leiðréttingar:

Upplýsingar eru forskráðar á RSK 3.19 samkvæmt árslokastöðu sem fram kemur á hlutabréfablaði sem skilað var með framtali síðasta árs. Þessar upplýsingar eru: Nafn og kennitala hlutafélags, kennitala eiganda og nafnverð og stofnverð í ársbyrjun. Einnig nauðsynleg auðkenni, s.s. um tegund bréfs, kennitölu í árslok 1996 vegna sérstakra hlutabréfa, þar sem það á við, auðkenni erlendra hlutabréfa sem notað er í stað kennitölu og hvort þá er notað nafnverð eða fjöldi hluta. Auk þess er forskráð af hlutafjármiðum arður, afdregin staðgreiðsla og jöfnunarhlutabréf (eða endurmat stofnsjóðs í sparisjóði).

Hægt er að leiðrétta arð, staðgreiðslu, jöfnunarhlutabréf og kennitölu eiganda með því að skrá inn nýjar tölur. Hafi hlutabréfaeign verið ranglega forskráð er hægt að fella færsluna niður með því að velja “eyða færslu” (í netframtali). Á sama hátt er hægt að velja “hreinsa færslu” fyrir línu sem framteljandi hefur bætt við sjálfur.

Stofnverð seldra hlutabréfa:

Í dálki 11 á RSK 3.19 skal koma fram stofnverð seldra hlutabréfa. Ef öll bréfin eru seld skal reiturinn innihalda allt stofnverð bréfa í eigu framteljanda á söludegi. Ef hluti bréfanna er seldur skal reiturinn innihalda meðalkaupverð allra bréfa framteljanda í félaginu.

Ef bréf eru bæði keypt og seld á árinu getur meðalkaupverðið orðið rangt þar sem ekki er tekið tillit til dagsetninga við útreikning á meðalkaupverði. Þá er hægt að færa rétt stofnverð í reitinn “Leiðrétt stofnverð seldra hlutabréfa” og er það þá notað í staðinn við útreikning á söluhagnaði. Eftir sem áður skal reiknað meðalkaupverð standa óbreytt og fylgja með í rafrænum skilum.

Frítekjumark vegna söluhagnaðar á sérstökum hlutabréfum skal reiknast sjálfkrafa.

